Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 23. ágúst 2020
R20070147
630

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um gögn vegna kaupa Reykjavíkurborgar á Varmadal.***

Á fundi borgarráðs þann 23.07.2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

*„Óskað er eftir öllum skriflegum gögnum þegar Reykjavíkurborg keypti jörðina Varmadal, hvort sem um er að ræða glærusýningar sem notaðar voru í grendarkynningu, fundargerðir og önnur skrifleg gögn sem til eru í málinu“*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Svar við fyrirspurn:

Meðfylgjandi eru gögn þegar jörðin Varmadalur var keypt.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:
Gögn þegar jörðin Varmadalur var keypt.

Reykjavíkurborg
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 13. apríl 2015
R13100422
642

Borgarráð

***Varmadalur - kaup á jörð***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki kaup Reykjavíkurborgar, eignasjóðs, á jörðinni Varmadal á Kjalarnesi, landnúmer 125765, skv. framlögðum kaupsamningi og afsali dags. 1. apríl 2015. Kaupverðið, 312 millj. kr., verði fjármagnað af handbæru fé.

Greinargerð:

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hefur að undanförnu átt í viðræðum við Landey ehf. um kaup á jörðinni Varmadal á Kjalarnesi. Fyrir liggur nú kaupsamningur og afsal fyrir eignarhluta seljanda með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Hið keypta er um 165 ha., sem er meginhluti jarðarinnar, en hún er alls um 173,3 ha. Kaupverðið er 312 millj. kr., sem skal greitt 5 dögum eftir staðfestingu borgarráðs. Engin veðbönd hvíla á hinu eigninni.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Kaupsamningur og afsal

R13100422

# KAUPSAMNINGUR OG AFSAL

Landey ehf., kt. 641109-1420, Grófinni 1, 101 Reykjavík, (hér eftir nefnt afsalsgjafi) selur hér með og afsalar Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsinu 101 Reykjavík (hér eftir nefnt afsalshafi), eftirtalda fasteign sína:

Jörðina Varmadal, landnúmer 125765, ásamt öllu því sem jörðinni fylgir og fylgja ber, þ.m.t. hlunnindi og veiðirétt. Nánar tiltekið er um að ræða fastanr. 208-5530 jörð, án stærðarskilgreiningar í landskrá fasteigna sem vistuð er hjá Þjóðskrá Íslands, ræktað land 32,6 ha, og lax- og silungsveiðihlunnindi óskilgreind í landskrá fasteigna, allt með sama fastanúmerinu. Jörðin, hið keypta, er talin vera um 165 hektarar að stærð. Jarðarmörk eru sýnd á fylgiskjali með kaupsamningi þessum.

Hinu afsalaða fylgja ekki stakar lóðir/land í landi Varmadals, sem hafa sér landnúmer. Um er að ræða eftirtaldar lóðir með landnr. 125767, 125897, 125898, 125899, 125901, 125902, 125903, 125904, 125905, 125906, 125907 og 125908, sem samtals eru taldar 37.513 fermetrar að stærð samkvæmt landskrá fasteigna.

Ef seljandi eignast umræddar lóðir skal kaupandi hafa kauprétt að lóðunum á sama verði og seljandi greiddi fyrir þær að viðbættum útlögðum kostnaði seljanda. Skal því seljanda ætíð vera haldið skaðlausum af þeim viðskiptum.

Kaupverðið er staðgreitt 312.000.000,- kr. (þrjúhundruðogtólfmilljónir krónur) og greiðist þannig:

1. Með peningum í apríl 2015, 5 dögum eftir samþykki borgarráðs á kaupunum. 312.000.000,- kr.

Eignin afhendist við undirritun kaupsamnings í því ástandi sem hún er í og afsalshafi hefur kynnt sér gaumgæfilega og sættir sig við að öllu leiti.

Afsalshafi hefur kynnt sér uppdrátt af landamerkjum og stærð hins afsalaða samkvæmt uppdrætti frá Ráðgjöf s.f., dags. 5. maí 2005, sem er fylgiskjal með kaupsamningi og afsali þessu.

Lögskilauppgjör hefur farið fram miðað við afhendingardag. Eignin selst veðbandalaus. Afsalshafa er kunnugt um þinglýstar kvaðir á hinu afsalaða sem er þinglýstur lóðarleigusamningur á 1000 m2 til 75 ára frá 1.9.2000, þinglýst 18.10.2000. Hefur hann að geyma þinglýsta almenna kvöð gagnvart leigutaka um að þola að lagðar verði lagnir í framtíðinni vegna stofnanna ríkisins eða sveitarfélagsins.

Afsalshafi endurgreiðir afsalsgjafa arðgreiðslu fyrir veiðirétt sem fylgir landinu fyrir árið 2015 til og með ársins 2019. Greiðslur fara fram í október ár hvert eða þegar uppgjöri veiðifélagsins lýkur.

Reykjavík, 1/4 2015.

Samþykki Landeyjar ehf.:

e.u [signature]

f.h. Landeyjar ehf. skv. þinglýstu umboði

Samþykki Reykjavíkurborgar vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs:

[signature] e.u.

BORGARSTJÓRINN REYKJAVÍK

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Ellý Katrín Guðmundsdóttir, kt. 150964-2029

Vottar að réttri dagsetningu, undirskriftum og fjárræði aðila:

[signature]
Nafn og kennitala 020975-5989

[signature]
Nafn og kennitala 050647-3829




| Nr. | Austur (x) | Norður (y) |
|---|---|---|
| 101 | 369785.4 | 412359.4 |
| 102 | 369266.6 | 413136.4 |
| 103 | 368966.1 | 413578.4 |
| 104 | 368978.8 | 413587.5 |
| 105 | 369013.7 | 413620.1 |
| 106 | 369871.8 | 413568 |
| 107 | 369872.1 | 413629.9 |
| 108 | 371112.2 | 413615.4 |
| 109 | 371113.1 | 413609.9 |
| 110 | 371112.9 | 413603.9 |
| 111 | 371114.3 | 413600.8 |
| 112 | 371183.6 | 413500.8 |
| 113 | 371236.2 | 413469.1 |
| 114 | 371170.2 | 413286.6 |
| 115 | 371145.5 | 413173.3 |
| 116 | 371192 | 413113.1 |
| 117 | 371172.9 | 412965.9 |
| 118 | 371101.2 | 412909.5 |
| 119 | 370934.6 | 412879.9 |
| 120 | 370822.5 | 412925.3 |
| 121 | 370756.2 | 412882.6 |
| 122 | 370715.8 | 412862 |
| 123 | 370670.6 | 412850.1 |
| 124 | 370622.4 | 412846.7 |
| 125 | 370610.3 | 412841.4 |
| 126 | 370544.6 | 412799.1 |
| 127 | 370494.8 | 412779 |
| 128 | 370419.4 | 412740.8 |
| 129 | 370389.1 | 412705.5 |
| 130 | 370357.7 | 412631.8 |
| 131 | 370302.2 | 412599.6 |
| 132 | 370222.5 | 412583.7 |
| 133 | 370025.1 | 412544.8 |
| 134 | 369978.9 | 412510.9 |
| 135 | 369976.6 | 412498.5 |
| 136 | 369962 | 412471.7 |
| 137 | 369947.2 | 412455.5 |
| 138 | 369892.5 | 412406 |
| 139 | 369825.8 | 412362.8 |
| 501 | 369878.6 | 412665.7 |
| 502 | 369898.7 | 412820.4 |
| 503 | 370199.5 | 412885.5 |
| 504 | 370389.2 | 413041 |
| 505 | 370447.9 | 412819.5 |
| 506 | 370293 | 412803.3 |
| 508 | 370017.4 | 412641.7 |

Hnit skv. uppdrætti frá Ráðgjöf sf. Verkfræðiþjónustu, dagsettum 05.05.2005.
Hnitum varpað úr hnitakerfi Reykjavíkur í ISN93 hnit hjá Loftmyndum ehf.

**B O R G A R R Á Ð**

Ár 2015, fimmtudaginn 16. apríl, var haldinn 5357. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.08. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, S. Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Sóley Tómasdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Halldór Halldórsson og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Halldóra Káradóttir, Óli Jón Hertervig, Björn Axelsson, Ámundi Brynjólfsson, Örn Sigurðsson, Hallur Símonarson, Pétur Krogh Ólafsson, Þórhildur Lilja Ólafsdóttir og Úlfhildur Jóna Þórarinsdóttir.
Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Miðborgar frá 26. febrúar 2015. R15010013

2. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Vesturbæjar frá 9. apríl 2015. R15010014

3. Lögð fram fundargerð innkauparáðs frá 10. apríl 2015. R15010015

4. Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 8. apríl 2015. R15010026

5. Lögð fram fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. frá 20. febrúar 2015. R15010022

6. Lögð fram fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 10. apríl 2015. R15010023

7. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó frá 13. mars 2015. R15010027

8. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. apríl 2015. R15010021
   B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.

9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 11 mál. R15030291

10. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir 11 umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. R15030001

\- Kl. 9.15 tekur Björk Vilhelmsdóttir sæti á fundinum.

11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. apríl 2015, þar sem óskað er heimildar borgarráðs til að bjóða út framkvæmdir við endurgerð Þórunnartúns. Kostnaðaráætlun 2 er 70 m.kr. og kostnaðarstaður 3105. R15040071
    Samþykkt.

12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. mars 2015, þar sem óskað er heimildar borgarráðs til að bjóða út framkvæmdir við nýtt þjónustuhús við bryggju á Skarfabakka, ásamt fylgigögnum. Kostnaðaráætlun 2 er 48 m.kr. og kostnaðarstaður 1103. R14110113
    Samþykkt.

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. apríl 2015, þar sem óskað er heimildar borgarráðs til að bjóða út framkvæmdir vegna leiksvæða, torga og opinna svæða árið 2015. Kostnaðaráætlun 2 er 145 m.kr. og kostnaðarstaðir 7102 og 3108. R15040072
Samþykkt.

14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. apríl 2015, þar sem óskað er heimildar borgarráðs til að bjóða út framkvæmdir í samræmi við hjólreiðaáætlun 2015 við gerð hjólastíga við Bústaðaveg, Háaleitisbraut og Safamýri. Kostnaðaráætlun 2 er 150 m.kr. og kostnaðarstaður 3106. R15040074
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Uppbygging hjólastígakerfis borgarinnar byggir á hjólreiðaáætlun sem samþykkt var í borgarstjórn árið 2010 þegar fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leiddu umhverfis- og samgöngumálin í borginni. Sú áætlun hefur verið grunnurinn að lagningu hjóla- og göngustíga. Margir borgarbúar hafa tekið fram hjólin í framhaldinu og nýtt sér þann vistvæna ferðamáta. Hugmyndafræðin byggðist á því að skapa raunhæft val á umferðarmáta og hugsa samgöngumálin heildstætt. Hafa verður hugfast að þrengingar gatna hafa leitt til þess að bílumferð flæðir inn í húsagötur þar sem meiri hætta er á slysum gangandi og hjólandi vegfarenda, einkum barna sem eru að leik nærri heimilum sínum. Ítrekað hefur verið bent á að þrenging Grensásvegar mun hafa slíkar afleiðingar í för með sér og það getur einnig átt við um þrengingu Háaleitisbrautar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa kallað eftir því að gerðar verði umferðarspár til að leggja mat á þetta eins og nauðsynlegt er og ábyrgt með tilliti til umferðaröryggis og nálægðar við grunnskóla. Við því hefur ekki verið orðið.

15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. apríl 2015, þar sem óskað er heimildar borgarráðs til að bjóða út malbikunarframkvæmdir 2015. Kostnaðaráætlun 2 er 550 m.kr. og kostnaðarstaður 3106. R15030021
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja áform um malbikunarframkvæmdir þar sem áætlað er að malbika 16 km sumarið 2015. Þau áform ganga samt engan veginn nógu langt því uppsöfnuð þörf verður orðin 42 km hjá Reykjavíkurborg í lok ársins 2015 vegna lækkunar fjármagns til viðhaldsframkvæmda á undanförnum árum. Til að bregðast við því lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að framkvæmdum við þrengingu Grensásvegar verði frestað og fjármagnið 160 m.kr. nýtt til gatnaframkvæmda í staðinn.

16. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. apríl 2015, sbr. synjun umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. apríl 2015, á umsókn á breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 vegna Laugavegs 34a og 36. R13120079
Synjun umhverfis- og skipulagsráðs staðfest.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

17. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. apríl 2015, sbr. leiðrétta samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. og 15 apríl 2015 á lýsingu vegna uppbyggingu á hluta af þróunarsvæði 33 í Aðalskipulagi Reykjavíkur, deiliskipulagi reits 1.254, Bólstaðarhlíð - Kennaraháskóli. R15040035
Samþykkt.

18. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. apríl 2015, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. apríl 2015, um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi norðan Rauðagerðis, við Miklubraut, ásamt fylgigögnum. R15040036
Samþykkt.

19. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. apríl 2015, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. apríl 2015 á úthlutun styrkja úr Húsverndarsjóði fyrir árið 2015. R15040033
Samþykkt.

- Kl. 10.20 víkur Björn Axelsson af fundinum.

20. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra:

> Borgarráð samþykki að starfshópi um framkvæmdir í Úlfarsárdal verði heimilt að halda áfram vinnu við undirbúning verkefnisins á grundvelli fyrirliggjandi frumkostnaðaráætlunar og semja við hönnuði. Lagt er til að verkefnið verði unnið í samræmi við fyrirliggjandi tillögu að áfangaskiptingu sem gerir ráð fyrir að fyrstu áfangarnir felist í byggingu grunn- og leikskólabygginga, auk íþróttamannvirkja Fram. Gert er ráð fyrir að skólamannvirki verði tekin í notkun í áföngum, þau fyrstu árið 2016 en öll 2018 eða 2019, sama ár og íþróttamannvirkin verða fullbyggð. Stefnt verði að því að uppbygging íþróttamannvirkja fari fram samhliða byggingu grunnskólans og hefjist þegar nauðsynlegri samningagerð við Fram er lokið. Lokaáfanginn felist í byggingu menningarmiðstöðvar og sundlaugar. Áætlað er að verklok geti orðið árið 2022. Lagt er til að fjárfestingaráætlun til næstu fimm ára verði endurskoðuð á grundvelli meðfylgjandi frumkostnaðaráætlunar. Til að fimm ára áætlun rúmi þessar framkvæmdir er nauðsynlegt að fjárfestingaráætlun hækki vegna Úlfarsárdals um samtals 3.926 m.kr. á næstu fimm árum, úr 4.050 m.kr í 7.976 m.kr. skv. meðfylgjandi frumkostnaðaráætlun. Stefnt verði að því að þessari auknu fjárfestingu verði mætt með auknum tekjum í samræmi við endurskoðaða áætlun um sölu byggingarréttar og gatnagerðargjöld til næstu fimm ára. Endurskoðuð fjárfestingaráætlun verði lögð fram samhliða fjárhagsáætlun 2016 og fimm ára áætlun í samræmi við leikreglur um gerð fjárhags- og fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar. Heildarkostnaðaráætlun verkefnisins samkvæmt frumkostnaðaráætlun er um 9,8 milljarðar en sú tala er þó háð nokkurri óvissu þar sem um frumkostnaðaráætlun er að ræða. Er starfshópi um framkvæmdir falið að leita leiða til að draga úr framkvæmdaáhættu og kostnaði við verkefnið eftir því sem kostur er, samhliða vinnu við gerð kostnaðaráætlunar I og síðar við fullnaðarhönnun. Sérstaklega skal leitast við að ná eins mikilli samnýtingu rýma og kostur er og þar með minnka mannvirkið.

Greinargerð fylgir tillögunni. R14110191
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

> Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja áform um aukið fjármagn til uppbyggingar í Úlfarsárdal enda er það í samræmi við tillögur Sjálfstæðisflokksins við fjárhagsáætlun ársins 2015. Þar lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til aðra forgangsröðun framkvæmda með aukið fjármagn í Úlfarsárdalinn. Mikilvægt er að hraða sem mest framkvæmdum í Úlfarsárdal enda hafa íbúar verið mjög óánægðir með þann seinagang sem verið hefur á uppbyggingu grunnskóla og íþróttamannvirkja í hverfinu.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

> Framsókn og flugvallarvinir lýsa yfir ánægju sinni með að nú liggi fyrir tímasett framkvæmdaáætlun um uppbyggingu í Úlfarsárdal, eins og fyrirspurn okkar í borgarráði í desember 2014 kvað á um. Það er okkar skilningur að samningar við íþróttafélagið FRAM frá 2008 og viðaukasamningur 2011 séu í gildi og eiga samningar við Fram því ekki að standa í vegi fyrir eða vera fyrirvarar við heildaruppbygginu á svæðinu.

Ragnar Þorsteinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

21. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. apríl 2015, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um hlutfall asfalts í malbiki, sbr. 27. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. mars sl. R15030100

\- Kl. 10.30 víkur Ámundi Brynjólfsson af fundi.

22. Lögð fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 7. apríl 2015, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 1. apríl 2015, á viðmiðum vegna ráðninga skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík. Einnig er lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 7. apríl 2015, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs á sama fundi, varðandi breytingar á samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð vegna ráðningar skólastjóra í leikskóla og grunnskóla. R15040038
Samþykkt með 4 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar Framtíðar, Vinstri grænna og Pírata. Tillögur að breytingum á samþykktum skóla- og frístundaráðs og viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar er vísað til frekari meðferðar forsætisnefndar,
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

> Lagt er til að eftirfarandi málsgrein bætist við 10. gr. samþykktar um skóla- og frístundaráð: Við ráðningu í stöðu skólastjóra og leikskólastjóra skal skóla- og frístundasvið gefa foreldrafélagi og skólaráði/foreldraráði viðkomandi skóla kost á virku samráði um málið. Þar sem ráðning skólastjóra eða leikskólastjóra stendur fyrir dyrum, skal gefa stjórn viðkomandi foreldrafélags og skólaráði/foreldraráði kost á að hitta að máli þá umsækjendur, sem metnir hafa verið hæfastir, til að kynnast sýn þeirra á starfið. Heimilt er að hafa slíkan fund opinn öllum foreldrum viðkomandi skóla. Að undangengnu slíku samráði er þessum aðilum, þ.e. stjórn foreldrafélags og skólaráði/foreldraráði, heimilt að skila umsögn til skóla- og frístundasviðs með áliti um hvaða umsækjandi sé hæfastur til að gegna viðkomandi starfi. Umræddum aðilum er einnig heimilt að að skila umsögn til sviðsins án þess að mælt sé með ákveðnum umsækjanda en með ábendingum um hvaða atriði sé æskilegt að leggja áherslu á þegar ráðið verður í stöðuna með tilliti til aðstæðna í umræddum skóla og vilja foreldra.

Tillagan er felld með 4 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar Framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn 2 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.
Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Með breytingu á samþykkt skóla- og frístundaráðs um ráðningar skólastjórnenda í leik- og grunnskólum er verið að skerpa enn frekar á faglegum ráðningum og tryggja að pólitískur geðþótti ráði ekki för. Ávallt skal ráða hæfasta umsækjandann og skulu ákvarðanir um ráðningu grundvallast á lögmætum sjónarmiðum. Með þessum breytingum er verið að tryggja slíkt ferli í sessi og einnig bregðast við ábendingum sem komu fram í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkur sem lúta m.a. að því að tryggja að faglegt ferli ráði för við ráðningar og að reglur séu samræmdar svo dregið sé úr hættu á að eingöngu pólitísk sjónarmið verði ofaná. Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata geta ekki fallist á tillögu Sjálfstæðisflokks um viðbætur við 10. gr. samþykktar skóla- og frístundaráðs um ráðningar skóla- og leikskólastjóra hjá Reykjavíkurborg. Lítur tillagan framhjá því meginatriði í ráðningarferlinu að velja skuli hæfasta umsækjandann út frá faglegum hæfniskröfum sem fara ber eftir í ferlinu. Við ráðningar skólastjórnenda í leik- og grunnskólum er farið eftir stjórnsýslu- og sveitarstjórnarlögum, lögum um grunnskóla eða leikskóla og kjarasamningum SÍS, SÍ og FSL. Nú þegar er aðkoma skóla- og foreldraráða tryggð, og þar með foreldra sem eiga fulltrúa í ráðunum, og samráð er haft við ráðin áður en auglýsing um lausa stöðu skólastjórnenda í leik- og grunnskólum er samin og birt. Meirihlutinn telur að ástæða kunni að vera til að kanna enn frekar möguleika þess að auka þátttöku og samráð við nemendur, foreldra og starfslið skóla í stórum og smáum málum og afgerandi ákvörðunum sem varða skólasamfélagið á hverjum stað fyrir sig.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Við hörmum að fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata hafi fellt tillögu Sjálfstæðisflokksins um virkt samráð við foreldrafélög vegna ráðningar skólastjóra. Það fyrirkomulag, sem hér er lagt til hefur gefist vel víða erlendis og er þar haft til fyrirmyndar um framsækið skólastarf og gott foreldrasamstarf. Í stað þess að taka upp samráð við foreldra varðandi ráðningu skólastjóra kýs meirihlutinn nú að auka á miðstýringu með því að fækka þeim, sem koma að slíkum ráðningum, m.a. með því að draga úr ábyrgð kjörinna fulltrúa á þessum mikilvægu og afdrifaríku ákvörðunum og fela embættismannavaldinu þær alfarið. Tæpt ár er síðan nýr vinstri meirihluti í borgarstjórn gaf loforð um að kraftar allra Reykvíkinga yrðu látnir nýtast við stefnumörkun og ákvarðanatöku í borgarkerfinu og að áhersla yrði lögð á gagnsæi, íbúalýðræði og upplýsingamiðlun. Ljóst er að þessi loforð meirihlutans eru innantóm og merkingarlaus.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Við sitjum hjá við afgreiðslu á tillögum frá meirihlutanum að færa ráðningavald á grunnskóla- og leikskólastjórnendum borgarinnar yfir til embættismanna, þar sem vandséð er að það hafi þau áhrif að fagmennska verða meiri við ráðningar og að verið sé að bregðast við athugasemdum í skýrslu um starfshætti Reykjavíkurborgar frá 2013, þó það sé veik tilraun til slíks. Embættismenn starfa á hverjum tíma í umboði sitjandi meirihluta og það að færa borgarráði það vald sérstaklega í hendur að skipa sviðstjóra, styður enn frekar við þau varnaðarorð sem höfð hafa verið uppi um tillöguna og er aðkoma minnihlutans á hverjum tíma, með öllu ótryggð. Slíkt hlýtur að fara gegn markmiðum samstarfssamnings meirihlutans um aukið samráð og samvinnu. Hér er um enn frekara valdaframsal að ræða og endanlegt ákvörðunarvald tekið frá kjörnum fulltrúum og fært til embættismanna. Hlutverk kjörinna fulltrúa er að koma að pólitískri stefnumótun og eftirlitshlutverk og undan því hlutverki skorumst við ekki og aldrei. Þá hefur enn ekki verið lokið vinnu borgarritara, borgarlögmanns og skrifstofustjóra borgarstjórnar við greinargerð um verkaskiptingu

borgarstjórnar og borgarráðs, sem og verkaskiptingu kjörinna fulltrúa og embættismanna, en mikilvægt er að slíkt liggi fyrir áður en ákvörðun er tekið um frekara framsal valds á frá kjörnum fulltrúm til embættismanna.

Ragnar Þorsteinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 14. apríl 2015, þar sem óskað er eftir afgreiðslu borgarstjórnar á samþykkt svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins ásamt umhverfisskýrslu. R13060030
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs.

24. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 14. apríl 2015 um skýrslu starfshóps um grænt hagkerfi. Jafnframt lögð fram skýrsla starfshópsins, dags. í mars 2015.

Hrönn Hrafnsdóttir, Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir og Þórhildur Ósk Halldórsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið. R14100353

25. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 15. apríl 2015, varðandi viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2015. Jafnframt er lögð fram heildarskýrsla um viðhorfskönnunina.

Helga Björg Ragnarsdóttir, Ragnhildur Ísaksdóttir og Harpa Hrund Berndsen taka sæti á fundinum undir þessum lið. R15040090

- Kl. 11.50 víkur Júlíus Vífill Ingvarsson af fundinum.

- Kl. 11.55 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum.

26. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu, dags. 15. apríl 2015, varðandi úrskurð yfirfasteignamatsnefndar í máli 10/2014. Jafnframt lagður fram úrskurður yfirfasteignamatsnefndar í máli 10/2014, dags. 31. mars 2015.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. R15010297

27. Lagt fram bréf Lex lögmannsstofu, dags. 15. janúar 2015, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að endurupptaka ákvörðun velferðarráðs, sbr. 2. lið fundargerðar velferðarráðs frá 16. október 2014. Jafnframt lögð fram umsögn velferðarsviðs, dags. 9. apríl 2015 og bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 14. apríl 2015. R15010218
Beiðni um endurupptöku hafnað með 4 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar Framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn 2 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins með vísan til umsagna velferðarsviðs og skrifstofu borgarstjórnar. Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Málið fer til endanlegrar staðfestingar borgarstjórnar með vísan til ákvæða 48. gr. í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Stefán Eiríksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

28. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðræður við ríkisvaldið um breytingu á skipulagi Laugavegar 162 – Mjólkurstöðvarreitnum, dags. 12. febrúar 2015. Jafnframt lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 17. mars 2015. Einnig lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 31. mars 2015, ásamt fylgigögnum. R15020112
Samþykkt.

29. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 14. apríl 2015, varðandi aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna veikinda starfsmanna, sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 16. september 2014. Jafnframt lagt fram erindisbréf öryggisnefndar Reykjavíkurborgar, dags. 8. janúar 2015, og viðverustefna Reykjavíkurborgar. R14090128

30. Lögð fram tillaga, samþykkt í borgarstjórn 31. mars 2015, um að haldið verði málþing um þátttöku og áhrif kvenna í stjórnmálum á afmælisdegi Ingibjargar H. Bjarnason. R15040017
Samþykkt.

31. Lögð fram tillaga, samþykkt í borgarstjórn 31. mars 2015, um að stofnuð verði ofbeldisvarnarnefnd á vegum mannréttindaráðs. R15040016
Samþykkt.

32. Lögð fram tillaga, samþykkt í borgarstjórn 31. mars 2015, um að haldin verði afrekasýning kvenna á Íslandi í Ráðhúsi Reykjavíkur. R15040015
Samþykkt.

33. Lagt fram svar borgarstjóra, dags. 14. apríl 2015, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um samstarf vegna Reykjavíkurhúsa, sbr. 43. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. nóvember sl. R14110197

34. Lagt fram svar borgarstjóra, dags. 13. apríl 2015, við fyrirspurn borgararráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stýrihóp um innleiðingu húsnæðisstefnu, sbr. 41. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. mars sl. R14010124

35. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. apríl 2015:

> Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálagða viljayfirlýsingu um samstarf á milli Reykjavíkurborgar og Seoul.

Greinargerð fylgir tillögunni. Jafnframt lögð fram viljayfirlýsing Reykjavíkur og Seoul. R15040019
Samþykkt.

36. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 15. apríl 2015:

> Lagt er til að borgarráð samþykki aðild Reykjavíkurborgar að samkomulaginu Compact of Mayors.

Greinargerð fylgir tillögunni. Jafnframt lagt fram bréf Gino Van Begin, aðalritara ICLEI, dags. 2. apríl 2015. R15040070
Samþykkt.

37. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 14. apríl 2015, með kynningu á yfirlýsingu Heimsþings ECLEI sem haldið var í Seoul í S-Kóreu 8.-12. apríl sl. Jafnframt lögð fram yfirlýsing Heimsþingsins, dags. 9. apríl 2015. R15040069

38. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 13. apríl 2015, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki kaup Reykjavíkurborgar, eignasjóðs, á jörðinni Varmadal á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum. R13100422
Samþykkt.

39. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. apríl 2015:

> Lagt er til að fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 verði hækkuð um 312 millj. kr. vegna kaupa á jörðinni Varmadal á Kjalarnesi, landnúmer 125762, sbr. mál nr. R13100422. Útgjöldin verði fjármögnuð af handbæru fé og fjárheimildinni ráðstafað inn á fjárfestingaáætlun eignasjóðs, kostnaðarstað 4102 Lóðir, lönd og skipulagseignir. Tillagan felur í sér lækkun á handbæru fé eignasjóðs, A-hluta og samstæðu, sjá nánar hjálögð gögn. Áhrif á rekstrarniðurstöðu eru óveruleg.

Jafnframt lagt fram yfirlit yfir áhrif tillögu á rekstur og sjóðstreymi eignasjóðs, A-hluta og samstæðu. R15010072
Vísað til borgarstjórnar.

\- Kl. 12.39 víkur Björk Vilhelmsdóttir af fundi og Skúli Helgason tekur þar sæti.

40. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 14. apríl 2015, um viljayfirlýsingu við Félag eldri borgara. Jafnframt lögð fram drög að viljayfirlýsingunni. R14010121
Samþykkt.

41. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 13. apríl 2015, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að falla frá forkaupsrétti á íbúð, merkt 01-309, fastanúmer 200-1727, á Vesturgötu 7 í Reykjavík. Jafnframt er lagður fram kaupsamningur, dags. 10. apríl 2015. R15040053
Samþykkt.

42. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 13. apríl 2015, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Slippnum fasteignafélagi ehf. lóð og byggingarétti að Mýrargötu 18 við Hlésgötu. R15030296
Samþykkt.

Hrefna Þórsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

43. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 13. apríl 2015, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að heimila framsal byggingarréttar og aðilaskipti að lóðunum Hafnarstræti 17 og 19, frá Sjöstjörnunni ehf. til Suðurhúsa ehf., ásamt fylgiskjölum. R15040051
Samþykkt.

Hrefna Þórsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

44. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 13. apríl 2015, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki samning um byggingu líkamsræktaraðstöðu við Breiðholtslaug samkvæmt meðfylgjandi drögum, ásamt fylgiskjölum. R14080026
Samþykkt.

Hrefna Þórsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

45. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 13. apríl 2015, varðandi endurskipan í fulltrúaráð Eirar. R14060135
Samþykkt að Magnús Már Guðmundsson taki sæti Hjördísar Sjafnar Ingimundardóttur í fulltrúaráði Eirar.

46. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 14. apríl 2015:

Lagt er til að borgarráð samþykki að unnið verði deiliskipulag fyrir göngubrú yfir Breiðholtsbraut til móts við Select. Deiliskipulagið verði unnið í samráði við Vegagerðina og í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur. R15040092

Samþykkt.

47. Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Þann 7. október 2014 var samþykkt tillaga borgarritara um að borgarráð fæli borgarritara, skrifstofustjóra borgarstjórnar og borgarlögmanni að vinna greinargerð varðandi verkaskiptingu á milli borgarstjórnar og borgarráðs sem og kjörinna fulltrúa og embættismanna. Í svari borgarstjóra þann 6. febrúar 2015 kom fram að vinnu ætti að vera lokið í lok mars. Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvenær vinnu við greinagerðina verði lokið og hvenær hún verði kynnt fyrir borgarráði. R14080018

48. Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Framsókn og flugvallarvinir vísa í tillögu sína og fyrirspurnir í borgarstjórn 21.10.2014 og borgarráði 22.01.2015 og svar borgarstjóra frá 10.02.2015, um að endurskoða gildandi verklagsreglur um þjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættan vanda, þar sem sérstökum sjónum yrði beint að nemendum í vímuefnavanda auk annarra þeirra þátta sem þarf að taka tillit til í þessum efnum. Skv. svari borgarstjóra var áætlað að vinnu lyki um miðjan mars nk. og því óskum við eftir upplýsingum um hvenær niðurstöður liggi fyrir. R14100380

49. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs ásamt fylgigögnum, dags. í dag. R15010088
Samþykkt með 4 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og pírata að veita Geðfræðslu hugarafl styrk að fjárhæð kr. 500.000.- vegna forvarna og fræðslu í grunnskólum. Öðrum styrkumsóknum er hafnað.
Borgarráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins og borgarráðsfultrúar Sjálfstæðisflokksins vísa til bókunar sinnar í borgarráði 19. júní.

**Fundi slitið kl. 12.58**

S. Björn Blöndal

| | |
|---|---|
| Halldór Auðar Svansson | Halldór Halldórsson |
| Kjartan Magnússon | Sóley Tómasdóttir |
| Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir | Skúli Helgason |

# Esjumelar




Nýtt athafnasvæði Reykjavíkurborgar

Lóðir fyrir nýja starfsemi og einnig fyrir starfsemi sem færist vegna þéttingar byggðar

Stórar lóðir skipulagðar með gagnaver í huga

Vaxandi áhugi á Íslandi sem ákjósanlegur staður fyrir gagnaver

INNLENT

# Reykjavíkurborg kaupir Varmadal á Kjalarnesi

Atli Ísleifsson skrifar 6. maí 2015 17:14

Líkar þetta 0




Reykjavíkurborg hefur fest kaup á 165 hektara svæði af jörðinni Varmadal á Kjalarnesi. MYND/REYKJAVÍKURBORG

Reykjavíkurborg hefur fest kaup á 165 hektara svæði af jörðinni Varmadal á Kjalarnesi. Kaupverðið er 312 milljónir króna og er seljandi Landey ehf.

Í tilkynningu frá borginni segir að svæðið þyki henta vel fyrir atvinnustarfsemi eins og til dæmis rekstur gagnavers þar sem tengivirki Landsnets er stutt frá.

Borgarstjóri greindi frá málinu á opnum fundi um fjárfestingu sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur um miðjan apríl. Nú hefur verið gengið frá kaupum og er vinna við deiliskipulag að hefjast.




Úr kynningu borgarstjóra. Hugmynd að nýtingu lóða í Varmadal ofan Esjumela. MYND/REYKJAVÍKURBORG

## Tengd skjöl

Velkomin á Vísi. Þessi vefur notar vafrakökur. Sjá nánar

Velkomin á Vísi. Þessi vefur notar vafrakökur. Sjá nánar.

3371

Skjal D
Móttekið til þinglýsingar
14. JÚLÍ 2015

# KAUPSAMNINGUR OG AFSAL

Landey ehf., kt. 641109-1420, Grófinni 1, 101 Reykjavík, (hér eftir nefnt afsalsgjafi) selur hér með og afsalar Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, ~~kt. 570480-0149~~, Ráðhúsinu 101 Reykjavík (hér eftir nefnt afsalshafi), eftirtalda fasteign sína:

Jörðina Varmadal, landnúmer 125765, ásamt öllu því sem jörðinni fylgir og fylgja ber, þ.m.t. hlunnindi og veiðirétt. Nánar tiltekið er um að ræða fastanr. 208-5530 jörð, án stærðarskilgreiningar í landskrá fasteigna sem vistuð er hjá Þjóðskrá Íslands, ræktað land 32,6 ha, og lax- og silungsveiðihlunnindi óskilgreind í landskrá fasteigna, allt með sama fastanúmerinu. Jörðin, hið keypta, er talin vera um 165 hektarar að stærð. Jarðarmörk eru sýnd á fylgiskjali með kaupsamningi þessum.

Hinu afsalaða fylgja ekki stakar lóðir/land í landi Varmadals, sem hafa sér landnúmer. Um er að ræða eftirtaldar lóðir með landnr. 125767, 125897, 125898, 125899, 125901, 125902, 125903, 125904, 125905, 125906, 125907 og 125908, sem samtals eru taldar 37.513 fermetrar að stærð samkvæmt landskrá fasteigna.

Ef seljandi eignast umræddar lóðir skal kaupandi hafa kauprétt að lóðunum á sama verði og seljandi greiddi fyrir þær að viðbættum útlögðum kostnaði seljanda. Skal því seljanda ætíð vera haldið skaðlausum af þeim viðskiptum.

Kaupverðið er staðgreitt 312.000.000,- kr. (þrjúhundruðogtólfmilljónir krónur) og greiðist þannig:

1. Með peningum í apríl 2015, 5 dögum eftir samþykki borgarráðs á kaupunum. 312.000.000,- kr.

Eignin afhendist við undirritun kaupsamnings í því ástandi sem hún er í og afsalshafi hefur kynnt sér gaumgæfilega og sættir sig við að öllu leiti.

Afsalshafi hefur kynnt sér uppdrátt af landamerkjum og stærð hins afsalaða samkvæmt uppdrætti frá Ráðgjöf s.f., dags. 5. maí 2005, sem er fylgiskjal með kaupsamningi og afsali þessu.

Lögskilauppgjör hefur farið fram miðað við afhendingardag. Eignin selst veðbandalaus. Afsalshafa er kunnugt um þinglýstar kvaðir á hinu afsalaða sem er þinglýstur lóðarleigusamningur á 1000 m2 til 75 ára frá 1.9.2000, þinglýst 18.10.2000. Hefur hann að geyma þinglýsta almenna kvöð gagnvart leigutaka um að þola að lagðar verði lagnir í framtíðinni vegna stofnanna ríkisins eða sveitarfélagsins.

Afsalshafi endurgreiðir afsalsgjafa arðgreiðslu fyrir veiðirétt sem fylgir landinu fyrir árið 2015 til og með ársins 2019. Greiðslan fer fram í október ár hvert eða þegar uppgjöri veiðifélagsins lýkur.

INNFÆRT

20. NÓV. 2015

Reykjavík, 14/7 2015.

Jóhann Þórarinsson

Samþykki Landeyjar ehf.:

f.h. Landeyjar ehf. skv. þinglýstu umboði

Samþykki Reykjavíkurborgar vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs 14.07.'15

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Ellý Katrín Guðmundsdóttir, kt. 150964-2029

Vottar að réttri dagsetningu, undirskriftum og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala 020975-5989

Nafn og kennitala 120571-4279

1462/15

# Varmadalur, landnr. 125765




| Nr. | Austur (x) | Norður (y) |
|---|---|---|
| 101 | 369785.4 | 412359.4 |
| 102 | 369266.6 | 413136.4 |
| 103 | 368966.1 | 413578.4 |
| 104 | 368978.8 | 413587.5 |
| 105 | 369013.7 | 413620.1 |
| 106 | 369871.8 | 413568 |
| 107 | 369872.1 | 413629.9 |
| 108 | 371112.2 | 413615.4 |
| 109 | 371113.1 | 413609.9 |
| 110 | 371112.9 | 413603.9 |
| 111 | 371114.3 | 413600.8 |
| 112 | 371183.6 | 413500.8 |
| 113 | 371236.2 | 413469.1 |
| 114 | 371170.2 | 413286.6 |
| 115 | 371145.5 | 413173.3 |
| 116 | 371192 | 413113.1 |
| 117 | 371172.9 | 412965.9 |
| 118 | 371101.2 | 412909.5 |
| 119 | 370934.6 | 412879.9 |
| 120 | 370822.5 | 412925.3 |
| 121 | 370756.2 | 412882.6 |
| 122 | 370715.8 | 412862 |
| 123 | 370670.6 | 412850.1 |
| 124 | 370622.4 | 412846.7 |
| 125 | 370610.3 | 412841.4 |
| 126 | 370544.6 | 412799.1 |
| 127 | 370494.8 | 412779 |
| 128 | 370419.4 | 412740.8 |
| 129 | 370389.1 | 412705.5 |
| 130 | 370357.7 | 412631.8 |
| 131 | 370302.2 | 412599.6 |
| 132 | 370222.5 | 412583.7 |
| 133 | 370025.1 | 412544.8 |
| 134 | 369978.9 | 412510.9 |
| 135 | 369976.6 | 412498.5 |
| 136 | 369962 | 412471.7 |
| 137 | 369947.2 | 412455.5 |
| 138 | 369892.5 | 412406 |
| 139 | 369825.8 | 412362.8 |
| 501 | 369878.6 | 412665.7 |
| 502 | 369898.7 | 412820.4 |
| 503 | 370199.5 | 412885.5 |
| 504 | 370389.2 | 413041 |
| 505 | 370447.9 | 412819.5 |
| 506 | 370293 | 412803.3 |
| 508 | 370017.4 | 412641.7 |

Hnit skv. uppdrætti frá Ráðgjöf sf. Verkfræðiþjónustu, dagsettum 05.05.2005.
Hnitum varpað úr hnitakerfi Reykjavíkur í ISN93 hnit hjá Loftmyndum ehf.

Borgarstjórinn í Reykjavík

MÓTT. 13. NÓV. 2015

Reykjavík, 16. apríl 2015
R13100422
642
HBL/újþ

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
Hrólfur Jónsson

***Varmadalur - kaup á landi***

Á fundi borgarráðs þann 16. apríl 2015 var lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 13. apríl 2015, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki kaup Reykjavíkurborgar, eignasjóðs, á jörðinni Varmadal á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Staðfest afrit 11.11.2015

000218

Stjórn einkahlutafélagsins Landeyjar ehf., kt. 641109-1420, Grófinni 1, 101 Reykjavík („**Landey**"), veitir hér með Inga Guðmundssyni, kt. 021169-4989, Furuási 16, 221 Hafnarfirði, („**umboðsmaður**"), hér með eftirfarandi

INNFÆRT 10. JAN. 2015

**UMBOÐ**

til að koma fram fyrir hönd Landeyjar við samningsumleitanir, til að undirrita, fullgilda og ljúka við alla nauðsynlega skjalagerð, vegna kaupa á eftirfarandi eignum í Reykjavík:

**Varmadalur, Reykjavík**
Nánar tiltekið er um að ræða alla jörðina Varmadal í Reykjavík, landnúmer 125765, fastanúmer 208-5530 ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber þ.m.t. byggingarrétti og lóðarréttindum.

Umboðsmaðurinn hefur fullt umboð til að undirrita öll skjöl fyrir hönd Landeyjar, svo sem kauptilboð, kaupsamning, veðleyfi og afsal og framkvæma allt það sem er lögum samkvæmt nauðsynlegt eða æskilegt til að koma á þeim fasteignakaupum sem umboðið nær til. Stjórn Landeyjar skuldbindur sig til að staðfesta og fullgilda allar slíkar aðgerðir umboðsmannsins verði eftir því óskað.

Umboðsmaðurinn hefur umboð og heimild til að koma fram í nafni stjórnar Landeyjar, með eins bindandi hætti og hún hefði gert svo sjálf, í öllum málefnum sem falla innan marka umboðs þessa.

Svo gjört í Reykjavík þann 19.12 2014.

Nafn: [signature] Nafn: [signature]
Kt. : 010163-5879 Kt. : 251171-2579

Nafn: Greta M. Gretard.
Kt. : 130880-5649

Stjórnarmenn Landeyjar ehf.

Skjal nr. 8
Móttekið til þinglýsingar

- 8 JAN. 2015

FRUMRIT STIMPLAÐ

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:

Erla Arnardóttir hdl.
290186-2429

Reykjavíkurborg
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 13. september 2016
R13100422
642

Borgarráð

***Kaup á landspildum í landi Varmadals.***

Óskað er eftir að borgarráð staðfesti kaup á landspildum með landnr. 125767, 125897, 125898, 125899, 125902, 125903, 12594, 125905 og 125908 í landi Varmadals, sbr. meðfylgjandi kaupsamning og afsal.

*Greinargerð:* Með kaupsamningi dagsettum 1.4.2015 sem borgarráð staðfesti 16.4.2015 var jörðin Varmadalur á Kjalarnesi keypt. Ofangreind landnúmer einstakra landa innan landamerkja jarðarinnar fylgdu ekki með í kaupunum en samið var um kauprétt á þeim ef að seljandi myndi eignast þær á uppboði. Skyldi Landey/Arion banki vera skaðlaus af viðskiptunum. Í kaupsamningnum er eftirfarandi ákvæði um þetta „Ef seljandi eignast umræddar lóðir skal kaupandi hafa kauprétt að lóðunum á sama verði og seljandi greiddi fyrir þær að viðbættum útlögðum kostnaði seljanda. Skal því seljanda ætið vera haldið skaðlausum af þeim viðskiptum.“ Arion banki leysti til sín lóðirnar á nauðungaruppboði 10. desember 2015. Boðið var í eignirnar kr. tuttugumilljónir og er það söluverðið í viðskiptunum í samræmi við fyrrgreint samningsákvæði.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Kaupsamningur og afsal ódagsett.

Reykjavík, 22. september
2016
R13100422
642
HBL/lss

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
Hrólfur Jónsson

***Kaup á landspildum í landi Varmadals***

Á fundi borgarráðs þann 22. september 2016 var lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 13. september 2016, þar sem óskað er eftir að borgarráð staðfesti kaup á landsspildum í landi Varmadals. Einnig er lagður fram kaupsamningur og afsal, ódags.

Borgarráð samþykkti erindið.

Helga Björk Laxdal
e.u.

# B O R G A R R Á Ð

Ár 2016, fimmtudaginn 22. september, var haldinn 5423. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 8.35. Viðstödd voru S. Björn Blöndal, Líf Magneudóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Halldór Halldórsson, Kjartan Magnússon og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Helga Björg Ragnarsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Hrólfur Jónsson, Hallur Símonarson, Kristbjörg Stephensen, Ólöf Örvarsdóttir, Pétur Ólafsson og Linda Sif Sigurðardóttir.
Fundarritari var Helga B. Laxdal.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram fundargerð endurskoðunarnefndar frá 12. september 2016. R16010030

2. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 13. september 2016. R16010004

3. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Grafarvogs frá 13. september 2016. R16010008

4. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 9. september 2016. R16010027

5. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. september 2016. R16010021
B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.

6. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 6 mál. R16090002

7. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. R16090001

8. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 13. september 2016, ásamt drögum að erindisbréfi stýrihóps um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Jafnframt er lögð fram tillaga mannréttindaskrifstofu um stefnumótun í málefnum innflytjenda frá 24. ágúst 2016, ásamt fylgiskjölum. R16080114
Samþykkt að tilnefna Elínu Oddnýju Sigurðardóttur, sem jafnframt verður formaður hópsins, Ilmi Kristjánsdóttur, Sabine Leskopf, Magnús Arnar Sigurðarson, Mörtu Guðjónsdóttur og Þórgný Thoroddsen.

9. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 19. september 2016, sbr. samþykkt velferðarráðs á tillögu um breyttar forsendur þjónustu- og rekstraráætlunar fyrir búsetukjarna að Þorláksgeisla, dags. 15. ágúst 2016. R16010225
Samþykkt að vísa tillögunni til gerðar fjárhagsáætlunar.

   Stefán Eiríksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 19. september 2016, sbr. samþykkt velferðarráðs á tillögu að breytingu á gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara, dags. 5. júlí 2016. R16090100
Samþykkt með 3 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna gegn 1 atkvæði borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

    Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Stefán Eiríksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á grásleppuskúrum og öðrum menningarminjum við Grímsstaðavör, sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 18. ágúst 2016. Jafnframt er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. september 2016. R16080092
Samþykkt að vísa tillögunni til gerðar fjárhagsáætlunar.

- Kl. 8.54 tekur Halldór Auðar Svansson sæti á fundinum.

12. Lögð fram að nýju tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rýningu á orkugjöldum, sbr. 2 lið fundargerðar borgarstjórnar frá 17. nóvember sl., ásamt umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 14. september 2016. R15110169
Frestað.

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. september 2016, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. september 2016 um að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar vegna lóðanna nr. 9-11 við Bæjarflöt og 15-17 við Gylfaflöt. R15060040
Samþykkt.

14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. september 2016, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. september 2016 á breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðarinnar nr. 78 við Hverfisgötu. R16060107
Samþykkt.

15. Lagt fram bréf Reita fasteignafélags ehf., dags. 12. september 2016, með beiðni um samstarf við Reykjavíkurborg um þróun og uppbyggingu á lóðinni nr. 176 við Laugaveg, ásamt fylgigögnum. R16090064
Samþykkt að vísa erindinu til meðferðar umhverfis- og skipulagsviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

16. Lagt fram bréf staðgengils borgarstjóra, dags. 20. september 2016, varðandi fyrirhugaða ferð borgarstjóra til Kaupmannahafnar, Strassbourg og Vancouver dagana 25. september til 2. október nk. með stjórn SSH, Vegagerðinni, Strætó og fulltrúa innanríkisráðuneytisins. R16090112

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

> Óskað er eftir rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun að borgarstjóri kjósi að ferðast til þriggja stórborga í tveimur heimsálfum til að kynna sér rekstur sporvagna. Hægt hefði verið að ferðast til nokkurra borga í Evrópu sem eru á stærð við Stór-Reykjavíkursvæðið þar sem slík kerfi eru og þannig frekar samanburðarhæfar varðandi rekstur slíkra kerfa. Um 650 þúsund manns búa á borgarsvæði Strassborgar, um 1.250 þúsund manns á borgarsvæði Kaupmannahafnar og um tvær milljónir á borgarsvæði Vancouver. Um 212 þúsund manns búa hins vegar á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað Reykjavíkurborgar vegna umræddrar ferðar.

17. Lagt fram bréf staðgengils borgarstjóra, dags. 20. september 2016, ásamt drögum að erindisbréfi starfshóps um framtíðarskipan þjónustu vegna menningarmála í tengslum við þéttingu byggðar í Vogabyggð og Elliðavogi. R15100254

18. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 20. september 2016, þar sem óskað er eftir að skipaður verði starfshópur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, umhverfis- og skipulagssviðs og Golfklúbbs Reykjavíkur, ásamt fylgiskjölum. R16050120
Samþykkt.

19. Lagt fram bréf staðgengils borgarstjóra, dags. 20. september 2016, varðandi framhald tilraunaverkefnis um styttingu vinnudags án launaskerðingar. Jafnframt eru lögð fram drög að erindisbréfi stýrihóps um framhald tilraunaverkefnisins. R14050127
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

> Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja að tilraunin verði látin ná til vinnustaða á umhverfis- og skipulagssviði en leggja áherslu á að stytting vinnudags má aldrei verða til þess að þjónusta við borgarbúa verði skert.

\- Kl. 9.25 víkur Pétur Ólafsson af fundi.

20. Lagt er til að Guðbrandur Guðmundsson verði aðalmaður í skólanefnd Borgarholtsskóla í stað Oddnýjar Sturludóttur. Jafnframt er lagt til að Sabine Leskopf taki sæti Guðbrands sem varamaður í nefndinni. R12120017
Samþykkt.

21. Lagt fram bréf staðgengils borgarstjóra, dags. 20. september 2016, varðandi skipun í kjaranefnd Reykjavíkurborgar. R16090106

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

> Hversu margir embættismenn heyra undir kjaranefnd Reykjavíkurborgar? Með hvaða hætti eru teknar ákvarðanir um hverjir heyra undir ákvarðanir kjaranefndar hverju sinni? Hvernig hefur fjöldi þeirra sem heyra undir kjaranefndina þróast undanfarin fimm ár?

22. Lagt fram bréf staðgengils borgarstjóra, dags. 20. september 2016, með tillögum að viðaukum við fjárhagsáætlun 2016. R16010225
Vísað til borgarstjórnar.

23. Lagt fram að nýju bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 12. september 2016, vegna viljayfirlýsingar milli Reykjavíkurborgar og Heklu hf. um uppbyggingu á lóðum ásamt drögum að viljayfirlýsingu. R16020062
Frestað.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi tillögu:

> Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að fyrirliggjandi viljayfirlýsing, sem felur í sér ráðstöfun á 24 þúsund fermetra lóð í Syðri-Mjódd án útboðs, verði ekki tekin til afgreiðslu í borgarráði fyrr en eftirtöldum aðilum hefur verið gefinn kostur á að gefa umsögn um hana: Íþróttafélag Reykjavíkur, starfshópur Íþróttafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar um svæði ÍR í Mjódd, íbúasamtökin Betra Breiðholt, hverfisráð Breiðholts, íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, Hjúkrunarheimilið Skógarbær, Árskógum 2, félagsstarfið Árskógum 4, húsfélagið Árskógum 6-8, Félag eldri borgara í Reykjavík, Húsnæðissamvinnufélagið Búseti.

Frestað.

24. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 15. september 2016, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki úthlutun á byggingarrétti fyrir 700 fermetra byggingu á lóðinni Kambavað 5. R16090087
Samþykkt.

25. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 16. september 2016, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki úthlutun tveggja lóða ásamt byggingarrétti við Suðurlandsbraut nr. 72 og 74. R16020171
Frestað.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi tillögu:

> Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja til að í ljósi starfsemi þeirrar sem Hjálpræðisherinn stendur fyrir og hefur staðið fyrir í Reykjavík í rúma öld verði samtökin undanþegin byggingarréttargjaldi vegna úthlutunar lóðar við Suðurlandsbraut 72-74.

Frestað.

26. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 13. september 2016, þar sem óskað er eftir að borgarráð staðfesti kaup á landsspildum í landi Varmadals. Einnig er lagður fram kaupsamningur og afsal, ódags. R13100422
Samþykkt.

27. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 16. september 2016, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag um bílastæði fyrir hreyfihamlaða gegnt Vegamótastíg 7-9. R16090090
Samþykkt.

28. Lagt fram bréf Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur, dags. 19. september 2016, þar sem hún óskar eftir að borgarráð veiti henni lausn frá embætti borgarritara. R16090121
Samþykkt.

Borgarráð þakkar Ellý Katrínu Guðmundsdóttur innilega fyrir vel unnin störf hennar í þágu Reykjavíkurborgar og óskar henni velfarnaðar í störfum sínum í framtíðinni.

29. Borgarráðfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

> Hversu margir eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík og hversu margir af þeim teljast vera í brýnni þörf? Þá er óskað eftir upplýsingum um hvernig skiptingin er á milli einstaklinga og fjölskyldufólks og þá hversu mörg börn og ungmenni yngri en 18 ára eru á framfærslu þeirra sem á biðlistanum eru. Þá er óskað eftir upplýsingum um hversu margir eldri borgarar eru á biðlista. Úttektin skal miðast við 15. september 2016. R16010160

30. Borgarráðfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

> Hversu margar íbúðir hafa Félagsbústaðir keypt á þessu ári, og hversu margar hafa verið seldar á þessu ári, viðmiðunardagsetning er 15. september 2016. R16010160

31. Borgarráðfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

> Kaupa Félagsbústaðir eignir í búsetukjörnum fyrir aldraða. Ef svo er óskast upplýsingar um í hvaða búsetukjörnum það er og hver er fjöldi íbúða í þeirra eigu m.v. 15. september 2016. R16010160

32. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

> Óskað er eftir skýringum á því hvernig farið verði með hækkanir á fæðisgjaldi í þeim skólum þar sem matur er aðkeyptur, t.d. í Vesturbæjarskóla og gerðir hafa

verið samningar út skólaárið. Verða gerðir nýir samninga við verktakann og má vænta breytinga á matseðlum og samsetningu matar þar eins og í þeim skólum sem reka eigið mötuneyti? R16090072

**Fundi slitið kl. 9.50**

Sigurður Björn Blöndal

| | |
|---|---|
| Halldór Auðar Svansson | Heiða Björg Hilmisdóttir |
| Líf Magneudóttir | Halldór Halldórsson |
| Kjartan Magnússon | Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir |

# AFSAL

Undirritaður aðili, Arion banki hf., kt. 581008-0150, afsalar hér með Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, lóðum í Varmadalslandi með landnúmerunum 125767, 125897, 125898, 125899, 125902, 125903, 125904, 125905 og 125908, ásamt öllu því sem lóðunum fylgir og fylgja ber. Einnig er afsalað rústum sumarbústaðar með fastanr. 208-5720, sem tilheyrir lóð með landnúmerinu 125908, skráð 0,0 fm í Fasteignaskrá.

1. Lóðum er afsalað í því ástandi sem þær eru við undirritun afsals þessa. Afsalshafi hefur kynnt sér ástand þeirra og sættir sig við það að öllu leyti. Lóðum er afsalað án mannvirkja og lóðarleiguréttinda. Afsalshafi yfirtekur lóðarleigusamninga og önnur óbein eignarréttindi sem tengjast lóðunum.

2. Umsamið kaupverð er að fullu greitt við útgáfu afsals þessa.

3. Afsalshafi hefur kynnt sér veðbókarvottorð lóðanna og hefur ekkert við þau að athuga. Veðbönd sem eftir atvikum hvíla á sumarbústöðum sem fyrir eru á lóðum eru afsalahafa og afsalsgjafa óviðkomandi.

4. Afsalshafi hirðir arð af eigninni og greiðir skatta og skyldur frá afsalsdegi og afsalsgjafi til sama tíma.

5. Uppgjör vegna opinberra gjalda hafa farið fram milli aðila.

6. Afsalshafi greiðir öll gjöld vegna skjala þeirra sem af samningi þessum hljótast þ. á m. stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og skráningargjöld.

7. Samkvæmt þessu er því lýst yfir af hálfu afsalsgjafa að afsalshafi er réttur og löglegur eigandi framangreindra lóða.

8. Til staðfestu framangreindu rita afsalshafi og afsalsgjafi undir skjal þetta í votta viðurvist og jafnframt lýsa þeir yfir fjárræði sínu.

Reykjavík, 24. október 2016

| Undirskrift afsalsgjafa | Undirskrift afsalshafa |
| --- | --- |
| Jónas Þórðarson, Kt. 160867-4699 | Dagur B. Eggertsson, kt. 190672-5789 |
| f.h. Arion banka hf | f.h. Reykjavíkurborgar |
| Karl Óttar Pétursson, hrl. 251171-2979 | |
| f.h. Arion banka hf. | f.h. Reykjavíkurborgar |

BORGARSTJÓRINN REYKJAVÍK

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun.

| Nafn | Kt. |
| --- | --- |
| v/Arion banka Þorsteinn ... hdl. | 250385-2779 |
| | |

# KAUPSAMNINGUR

Undirritaðir aðilar, Arion banki hf., kt. 581008-0150, hér nefndur seljandi og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hér nefndur kaupandi, gerum með okkur eftirfarandi kaupsamning.

## 1. Hið selda

Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa lóðir í Varmadalslandi með landnúmerunum 125767, 125897, 125898, 125899, 125902, 125903, 125904, 125905 og 125908, ásamt öllu því sem lóðunum fylgir og fylgja ber. Í kaupunum felast einnig rústir sumarbústaðar með fastanr. 208-5720, sem tilheyrir lóð með landnúmerinu 125908, skráð 0,0 fm í Fasteignaskrá.

## 2. Kaupverð

2.1 Kaupverð hins selda er sem hér segir:

| |
|---|
| **Kr. 20.000.000,-**<br>***tuttugumilljónirkróna-*** |

sem greiðist þannig:

a) Kaupandi greiðir kaupverðið við undirritun samnings þessa inn á reikning seljanda nr. 300-26-1001, kt. 581008-0150, innan sjö daga frá undirritun samnings þessa.

## 3. Ástand hins selda og fylgifé

3.1 Hið selda er afhent í því ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við að öllu leyti. Kaupandi hefur kynnt sér ástand þeirra og sættir sig við það að öllu leyti. Lóðum fylgja hvorki mannvirki né lóðarleiguréttindi. Kaupandi yfirtekur lóðarleigusamninga og önnur óbein eignarréttindi sem tengjast lóðunum.

3.2 Kaupandi hefur kynnt sér veðbókarvottorð lóðanna og gerir enga athugasemd við það. Veðbönd sem eftir atvikum hvíla á sumarbústöðum sem fyrir eru á lóðum eru aðilum óviðkomandi.

3.3 Hinu selda fylgir allt hefðbundið fylgifé.

3.4 Hið selda afhendist í samræmi við lið 4. Kaupandi hirðir arð frá afhendingu hins selda og ber af því skatta og skyldur en seljandi til sama tíma.

## 4. Afhending

4.1 Hið selda skal vera laust til afnota við undirritun samnings þessa.

## 5. Stimpil- og þinglýsingargjöld

5.1 Kaupandi greiðir gjöld af skjölum er varða kaupin, þ. á m. stimpilgjöld og þinglýsingagjöld af kaupsamningi og afsali.

## 6. Annað

6.1 Aðilum er skylt að virða hagsmuni hvors annars og sýna hvor öðrum sanngirni, trúnað og tillitssemi við efndir og framkvæmd samningsins. Komi hindrun í veg fyrir réttar efndir eða einhver önnur þau atvik sem varða gagnaðila skal viðsemjandi upplýsa hann um það.

6.2 Að öðru leyti en því sem mælt er fyrir um í samningi þessum og eftir því sem við getur átt fer um lögskipti aðila eftir ákvæðum laga nr. 40/2002 um fasteignakaup.

6.3 Kaupsamningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum. Skal kaupandi halda tveimur eintökum en seljandi einu eintaki.

6.4 Öllu framanrituðu til staðfestingar rita kaupandi og seljandi undir samning þennan í votta viðurvist og jafnframt lýsa þeir yfir fjárræði sínu.

6.5 Rísi mál útaf kaupsamningi þessum má reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 24. október 2016

Jónas Þórðarson
Kt. 160867-4699
f.h. seljanda

Dagur B. Eggertsson, kt. 190672-[illegible]
BORGARSTJÓRINN REYKJAVÍK
f.h. kaupanda

Karl Óttar Pétursson, hrl.
Kt. 251171-2979
f.h. seljanda

f.h. kaupanda

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði

| Nafn | Kt. |
| --- | --- |
| v/ Arion banka Þorsteinn V... Hall. | 250385-2779 |
| | |

014406

# AFSAL

Undirritaður aðili, Arion banki hf., kt. 581008-0150, afsalar hér með Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, lóðum í Varmadalslandi með landnúmerunum 125767, 125897, 125898, 125899, 125902, 125903, 125904, 125905 og 125908, ásamt öllu því sem lóðunum fylgir og fylgja ber. Einnig er afsalað rústum sumarbústaðar með fastanr. 208-5720, sem tilheyrir lóð með landnúmerinu 125908, skráð 0,0 fm í Fasteignaskrá.

1. Lóðum er afsalað í því ástandi sem þær eru við undirritun afsals þessa. Afsalshafi hefur kynnt sér ástand þeirra og sættir sig við það að öllu leyti. Lóðum er afsalað án mannvirkja og lóðarleiguréttinda. Afsalshafi yfirtekur lóðarleigusamninga og önnur óbein eignarréttindi sem tengjast lóðunum.

2. Umsamið kaupverð er að fullu greitt við útgáfu afsals þessa.

3. Afsalshafi hefur kynnt sér veðbókarvottorð lóðanna og hefur ekkert við þau að athuga. Veðbönd sem eftir atvikum hvíla á sumarbústöðum sem fyrir eru á lóðum eru afsalahafa og afsalsgjafa óviðkomandi.

4. Afsalshafi hirðir arð af eigninni og greiðir skatta og skyldur frá afsalsdegi og afsalsgjafi til sama tíma.

5. Uppgjör vegna opinberra gjalda hafa farið fram milli aðila.

6. Afsalshafi greiðir öll gjöld vegna skjala þeirra sem af samningi þessum hljótast þ. á m. stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og skráningargjöld.

7. Samkvæmt þessu er því lýst yfir af hálfu afsalsgjafa að afsalshafi er réttur og löglegur eigandi framangreindra lóða.

8. Til staðfestu framangreindu rita afsalshafi og afsalsgjafi undir skjal þetta í votta viðurvist og jafnframt lýsa þeir yfir fjárræði sínu.

Reykjavík, 24. október 2016

INNFÆRT 29. DES. 2016

Undirskrift afsalsgjafa

Jónas Þórðarson
Kt. 160867-4699

f.h. Arion banka hf.

Karl Óttar Pétursson, hrl.
Kt. 251171-2979

f.h. Arion banka hf.

Undirskrift afsalshafa

Dagur B. Eggertsson, kt. [illegible]5739.

BORGARSTJÓRINN REYKJAVÍK

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun.

| Nafn | Kt. |
|---|---|
| v/Arion banka [illegible] hdl | [illegible] |
| | |

Skjal D
Móttekið til þinglýsingar
13. DES. 2016

Stjórn einkahlutafélagsins Landeyjar ehf., kt. 641109-1420, Grófinni 1, 101 Reykjavík („**Landey**"), veitir hér með Inga Guðmundssyni, kt. 021169-4989, Furuási 16, 221 Hafnarfirði, („**umboðsmaður**"), hér með eftirfarandi

**UMBOÐ**

008442

til að koma fram fyrir hönd Landeyjar við samningsumleitanir, til að undirrita, fullgilda og ljúka við alla nauðsynlega skjalagerð, vegna sölu á eftirfarandi eignum í Reykjavík:

**Varmadalur, Reykjavík**
Nánar tiltekið er um að ræða alla jörðina Varmadal í Reykjavík, landnúmer 125765, fastanúmer 208-5530 ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber þ.m.t. byggingarrétti og lóðarréttindum.

Umboðsmaðurinn hefur fullt umboð til að undirrita öll skjöl fyrir hönd Landeyjar, svo sem kauptilboð, kaupsamning, veðleyfi og afsal og framkvæma allt það sem er lögum samkvæmt nauðsynlegt eða æskilegt til að koma á þeim fasteignakaupum sem umboðið nær til. Stjórn Landeyjar skuldbindur sig til að staðfesta og fullgilda allar slíkar aðgerðir umboðsmannsins verði eftir því óskað.

Umboðsmaðurinn hefur umboð og heimild til að koma fram í nafni stjórnar Landeyjar, með eins bindandi hætti og hún hefði gert svo sjálf, í öllum málefnum sem falla innan marka umboðs þessa.

Svo gjört í Reykjavík þann 06.02 2015.

Nafn: [signature] Nafn: [signature]
Kt. : 010163-[illegible] Kt. : 251171-2979

Nafn: Greta M. Gretand.
Kt. : 130880-5849

Stjórnarmenn Landeyjar ehf.

Skjal C
Móttekið til þinglýsingar
28. SEP. 2015

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:

Þorsteinn I. [illegible], 020975-59[illegible]
[signature] 151041-3379

INNFÆRT
05. OKT. 2015
[signature]

# Varmadalur, landnr. 125765

**Heildarstærð lands nr. 125765: 177 ha**
**Stærð án annarra jarða: 165 ha**




| Nr. | Austur (x) | Norður (y) |
|---|---|---|
| 101 | 369785.4 | 412359.4 |
| 102 | 369266.6 | 413136.4 |
| 103 | 368966.1 | 413578.4 |
| 104 | 368978.8 | 413587.5 |
| 105 | 369013.7 | 413620.1 |
| 106 | 369871.8 | 413568 |
| 107 | 369872.1 | 413629.9 |
| 108 | 371112.2 | 413615.4 |
| 109 | 371113.1 | 413609.9 |
| 110 | 371112.9 | 413603.9 |
| 111 | 371114.3 | 413600.8 |
| 112 | 371183.6 | 413500.8 |
| 113 | 371236.2 | 413469.1 |
| 114 | 371170.2 | 413286.6 |
| 115 | 371145.5 | 413173.3 |
| 116 | 371192 | 413113.1 |
| 117 | 371172.9 | 412965.9 |
| 118 | 371101.2 | 412909.5 |
| 119 | 370934.6 | 412879.9 |
| 120 | 370822.5 | 412925.3 |
| 121 | 370756.2 | 412882.6 |
| 122 | 370715.8 | 412862 |
| 123 | 370670.6 | 412850.1 |
| 124 | 370622.4 | 412846.7 |
| 125 | 370610.3 | 412841.4 |
| 126 | 370544.6 | 412799.1 |
| 127 | 370494.8 | 412779 |
| 128 | 370419.4 | 412740.8 |
| 129 | 370389.1 | 412705.5 |
| 130 | 370357.7 | 412631.8 |
| 131 | 370302.2 | 412599.6 |
| 132 | 370222.5 | 412583.7 |
| 133 | 370025.1 | 412544.8 |
| 134 | 369978.9 | 412510.9 |
| 135 | 369976.6 | 412498.5 |
| 136 | 369962 | 412471.7 |
| 137 | 369947.2 | 412455.5 |
| 138 | 369892.5 | 412406 |
| 139 | 369825.8 | 412362.8 |
| 501 | 369878.6 | 412665.7 |
| 502 | 369898.7 | 412820.4 |
| 503 | 370199.5 | 412885.5 |
| 504 | 370389.2 | 413041 |
| 505 | 370447.9 | 412819.5 |
| 506 | 370293 | 412803.3 |
| 508 | 370017.4 | 412641.7 |

Hnit skv. uppdrætti frá Ráðgjöf sf. Verkfræðiþjónustu, dagsettum 05.05.2005.
Hnitum varpað úr hnitakerfi Reykjavíkur í ISN93 hnit hjá Loftmyndum ehf.